

Ed.

527. Lög

um skattgreiðslu h/f. Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir eignum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjar-sjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.